

## Sjóvá – Árshlutauppgjör

### Hagnaður 259 m.kr. á fyrstu níu mánuðum ársins

#### Priðji ársfjórðungur 2018

- Hagnaður af vátryggingastarfsemi fyrir skatta 708 m.kr. (3F 2017: 499 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 426 m.kr. (3F 2017: -946 m.kr.)
- Heildarhagnaður tímabilsins 140 m.kr. (3F 2017: -472 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins -0,8% (3F 2017: -2,4%)
- Samsett hlutfall 91,3% (3F 2017: 94,6%)

#### 9M 2018 og horfur

- Hagnaður af vátryggingastarfsemi fyrir skatta 1.151 m.kr. (9M 2017: 884 m.kr.)
- Tap af fjárfestingarstarfsemi fyrir skatta 685 m.kr. (9M 2017: 617 m.kr. hagnaður)
- Heildarhagnaður tímabilsins 259 m.kr. (9M 2017: 1.330 m.kr.)
- Ávöxtun eignasafns félagsins -0,1% (9M 2017: 4,2%)
- Samsett hlutfall 97,8% (9M 2017: 99,3%)
- Horfur fyrir árið 2018 eru að samsett hlutfall verði 97% (4F: 95%) og að hagnaður fyrir skatta verði um 900 m.kr.
- Tilkynnt verða frávik umfram 5 prósentustig í samsettu hlutfalli innan fjórðunga.

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

„Samsett hlutfall Sjóvár fyrir 3F 2018 nam 91,3% og er tæpum 3 prósentustigum undir því sem horfur gerðu ráð fyrir. Í því tilliti er þetta besti 3F frá því Sjóvá var tekið til skráningar á markað 2014. Afkoman fyrir fyrstu 9 mánuði ársins er einnig góð þegar litioð er til samsetts hlutfalls sem nam 97,8%. Niðurstaðan er sérstaklega ánægjuleg þegar haft er í huga að tveir stórbrunar áttu sér stað á 2F ársins. Þessi góða niðurstaða úr vátryggingarekstri helgast fyrst og fremst af góðum iðgjaldavexti sem hefur undanfarin misseri einkennst af vexti eigin iðgjalda umfram eigin tjón, að 2F þessa árs undanskildum. Slík þróun byggir undir heilbrigðan vöxt vátryggingastarfseminnar.

Fjárfestingatekjur á fjórðungnum voru neikvæðar um 232 m.kr., ávöxtun eignasafnsins var neikvæð um 0,8% og tap af fjárfestingastarfseminni nam 426 m.kr. Fjárfestingatekjur á fyrstu 9 mánuðum ársins voru neikvæðar um 16 m.kr., ávöxtun eignasafnsins var neikvæð um 0,1% og afkoma af fjárfestingastarfsemi neikvæð um 685 m.kr. Slæm afkoma af fjárfestingastarfsemi skýrist af tapi á hlutabréfasafni vegna neikvæðrar þróunar á hlutabréfamarkaði.

Horfur fyrir samsett hlutfall fjárhagsársins 2018 hafa verið uppfærðar í samræmi við afkomu fyrstu níu mánuði ársins og óbreyttar horfur fyrir 4F og stefnir samkvæmt því í 97% í stað 98%. Horfur um afkomu fyrir skatta hafa verið lækkaðar úr 1.000 m.kr. í 900 m.kr. í ljósi afkomu af fjárfestingastarfsemi það sem af er ári.“

#### Kynningarfundur 1. nóvember kl. 16:15

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2018, fimmtudaginn 1. nóvember kl. 16:15 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsloðinni [www.sjova.is/afkomukynningar](http://www.sjova.is/afkomukynningar)

#### Fjárhagsdagatal - Ársuppgjör 2018: 14. febrúar 2019

The News Announcement and Investors' Presentation in English will be available on the website [www.sjova.is](http://www.sjova.is)

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Vala Halldórsdóttir í síma 844-2136 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

SJÓVÁ

	3F 2018	3F 2017	%	9M 2018	9M 2017	%
<b>Vátryggingastarfsemi</b>						
Iðgjöld tímabilsins	4.767	4.294	11,0	13.481	12.173	10,7
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	-232	-236	-1,9	-694	-630	10,1
<b>Eigin iðgjöld</b>	<b>4.535</b>	<b>4.058</b>	<b>11,8</b>	<b>12.787</b>	<b>11.542</b>	<b>10,8</b>
Fjárfestingartekjur af vátryggingarekstri	294	266	10,8	851	803	6,0
Aðrar tekjur	4	8	-46,3	20	28	-26,0
Heildartekjur af vátryggingarekstri	4.834	4.332	11,6	13.658	12.373	10,4
Tjón tímabilsins	-3.324	-3.028	9,8	-10.247	-8.984	14,1
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	76	15	412,9	517	179	189,2
<b>Eigin tjón</b>	<b>-3.248</b>	<b>-3.013</b>	<b>7,8</b>	<b>-9.730</b>	<b>-8.805</b>	<b>10,5</b>
Rekstrarkostnaður af vátryggingarekstri	-879	-819	7,3	-2.777	-2.683	3,5
<b>Heildargjöld af vátryggingarekstri</b>	<b>-4.127</b>	<b>-3.832</b>	<b>7,7</b>	<b>-12.507</b>	<b>-11.488</b>	<b>8,9</b>
<b>Hagnaður/tap af vátryggingarekstri</b>	<b>708</b>	<b>499</b>	<b>41,7</b>	<b>1.151</b>	<b>884</b>	<b>30,1</b>
<b>Fjárfestingarstarfsemi</b>						
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	-349	-885	-60,6	-417	813	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	-78	-62	26,2	-268	-196	37,1
<b>Hagnaður/tap af fjárfestingarstarfsemi</b>	<b>-426</b>	<b>-946</b>	<b>-55,0</b>	<b>-685</b>	<b>617</b>	<b>-</b>
<b>Hagnaður/tap fyrir tekjuskatt</b>	<b>281</b>	<b>-447</b>	<b>-</b>	<b>466</b>	<b>1.502</b>	<b>-69,0</b>
Tekjuskattur	-141	-25	461,3	-206	-171	20,7
<b>Heildarhagnaður/tap tímabilsins</b>	<b>140</b>	<b>-472</b>	<b>-</b>	<b>259</b>	<b>1.331</b>	<b>-80,5</b>

	3F 2018	3F 2017	9M 2018	9M 2017
Tjónahlutfall	69,7%	70,5%	76,0%	73,8%
Endurtryggingahlutfall	3,2%	5,0%	1,2%	3,5%
<b>Tjóna- og endurtryggingahlutfall</b>	<b>72,9%</b>	<b>75,5%</b>	<b>77,2%</b>	<b>77,3%</b>
Kostnaðarhlutfall	18,4%	19,1%	20,6%	22,0%
Samsett hlutfall	91,3%	94,6%	97,8%	99,3%
Ávöxtun eigin fjár	3,9%	-12,7%	2,4%	11,0%
Hagnaður á hlut	0,10	-0,34	0,19	0,95
Eigið fé	13.534	14.899	13.534	14.899
Gjaldþolshlutfall	1,52	1,48	1,52	1,48

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir þriðja ársfjórðung 2018 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 1. nóvember 2018. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.